

Hraðahindrun:

Á Hólmavíkurvegi skammt vestan gatnamóta við Höfðatún.

Vélsleðar:

Akstur vélsleða innan þéttbýlis í Hólmavíkurkaupúni er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál á Hólmavík eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórnin á Hólmavík, 25. október 1999.

Bjarni Stefánsson.

SAMÞYKKT

fyrir búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991 með síðari breytingum, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Sumarheit sauðfjár úr Bessastaðahreppi skal vera í beitarhólfi í Krýsuvík, með sauðfé úr Garðabæ og Hafnarfirði samkvæmt samningi um beitarhólf í Krýsuvík á milli Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Sauðfjáreigendur skulu annast alla smölun og réttarhald í beitarhólfinu ásamt öðrum sem nota það í samræmi við ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs nr. 401/1996.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar og í þeim hluta sameiginlegs afréttar Bessastaðahrepps og Garðabæjar sem er vestan vörslugirðinga og Kleifarvatns.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

5. gr.

Búfjárefntirlitsmaður Bessastaðahrepps annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Eigendum er skylt að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

Búfjáreigendum er skylt að tryggja búfé frjálstri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila.

6. gr.

Full vörsluskylda og ábyrgð er á höndum allra búfjáreigenda og er viðkomandi skylt að halda fénaði sínum í vel afgirtum hólum í heimalöndum.

Allar girðingar skulu vera gripheldar og er landeigendum eða umráðamönnum skylt að annast viðhald þeirra í samræmi við vörslukröfur hreppsnefndar.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að innheimta árlegt leyfisgjald til Bessastaðahrepps af hverjum þeim, sem fær leyfi til búfjárhalds. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjárefntirlit.

Hreppsnefnd setur og landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld. Staðfest gjaldskrá skal birt í Stjórnartíðindum. Undanþegnir árlegu leyfisgjaldi eru búfjáreigendur á lögbylum, sem eiga þar lögheimili.

Hreppsnefnd er heimilt að semja um innheimtu uppgræðslugjalds fyrir hverja vetrarfóðraða kind sem fer í beitarhólf í Krýsuvík.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1991.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 frá 25. mars 1991, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 31 frá 14. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.